



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 131/386

komudagur 2.12.2004

Alþingi  
Nefndarsvið  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. desember 2004.

Tilvísun: 2004110039

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum, 5. mál.**

Alpýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum, 5. mál.

Það er grundvallarafstaða Alpýðusambands Íslands að kjarasamningar efni þeirra og framkvæmd eigi að vera á höndum aðila vinnumarkaðarins, samtaka launafólks og atvinnurekenda. Rétturinn til að stofna með sér félög og semja um kaup og kjör á vinnumarkaði séu með mikilvægustu mannréttindum launafólks sem mikilvægt sé að virða. Um leið eigi samningsaðilar að bera ábyrgð á því um hvað er samið og hvernig. Það felur m.a. í sér ákvörðun um gildistíma kjarasamninga, frá hvaða tíma þeir gilda og hversu lengi.

Í ljósi framanritaðs getur Alpýðusamband Íslands ekki stutt það frumvarp til laga sem hér er til umfjöllunar.

Um leið vill Alpýðusambandið undirstrika, og tekur undir það með flutningsmanni, að mikilvægt er að nýir kjarasamningar komist á um leið og eldri samningar renna sitt skeið, eða sem fyrst þar á eftir. Að því hefur Alpýðusambandið og aðildarsamtök þess stefnt við kjarasamningagerð á undanförunum árum. Til að ná þessu markmiði hefur verkalýðshreyfing m.a. hvatt til og sjálf haft frumkvæði að því að breyta og bæta verklag varðandi undirbúning og gerð kjarasamninga. Má þar m.a. nefna gerð viðræðuáætlaða í tengslum við kjarasamningagerð og eftirfylgni með framkvæmd þeirra. Væntir Alpýðusambandið þess að ný og breytt vinnubrögð muni skila þeim árangri í frjálsum samningum sem frumvarpinu er ætlað að ná, enda sammála flutningsmanni um markmiðin, þótt ASÍ telji að aðrar leiðir en hann leggur til séu vænlegri í þeim efnum.

Virðingarfyllst,

Halldór Grönvold,  
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

Félagsmálanefnd Alþingis  
B.t. Selmu Hafliðadóttur nefndarritara

Reykjavík, hinn 9. desember 2004

**Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breyting á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur (5. mál)**

Vísað er til bréfs yðar, dags. 17. nóvember 2004, varðandi umsögn um 5. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur með síðari breytingum. Eftirfarandi er umsögn Bandalags háskólamanna (BHM) um þingmálið.

BHM styður frumvarpið og áréttar þá skoðun sína að ein vinnulöggjöf gildi í landinu og að félagsmálaráðherra fari „með mál, er varða: [...] - *Vinnu, þar á meðal:* - Stéttarfélög launþega og atvinnurekenda, kjararannsóknir, vinnudeilur, sáttasemjara og sáttastörf í vinnudeilum og Félagsdóm.” (Sjá 4. gr. C í forsetaúrskurði, sbr. auglýsingu nr. 96/1969 um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands.) Í þessu sambandi vísast til umsagnar BHM um 225. mál á 125. löggjafarþingi, dags. 25. janúar 2000. Þar til slík breyting hefur verið gerð er afstaða BHM sú að breyting á borð við þá, sem felst í frumvarpinu um sjálfkrafa afturvirkni kjarabóta við endurnýjun kjarasamninga, gildi jafnframt um kjarasamninga opinberra starfsmanna samkvæmt lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna – sem því þarf að breyta með sama hætti.

Í umsögn BHM um sama mál, dags. 29. nóvember 2002, var vitnað í skýrslu dr. Sveins Agnarssonar hagfræðings um áhrif þess að endurnýjun kjarasamninga aðildarféлага BHM dróst um marga mánuði við síðustu kjarasamningsgerð, árin 2000-2001. Þar var sýnt fram á að dráttur þessi sparaði ríkissjóði 1.130 – 1.200 milljónir króna og því ljóst að nauðsynlegt er að tryggja með lögum að vinnuveitendur hafi ekki beinan hag af því að draga endurnýjun kjarasamninga. Í greinargerð með frumvarpinu er þetta rökstutt með tilvísun í kjarasamninga sjómanna en eins og að ofan greinir á þetta ekki síður við um t.d. opinbera starfsmenn. Að öðru leyti er vísað til greinargerðarinnar með frumvarpinu og tekið undir þau sjónarmið sem þar eru sett fram.

Til að tryggja sjálfkrafa afturvirkni kjarasamninga mætti sem best setja eftirfarandi efnisákvæði inn í lög um stéttarfélög og vinnudeilur og eftir atvikum lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna meðan þau sérlög gilda:


Nýr kjarasamningur gildir frá sama degi og eldri samningur fellur úr gildi og á það jafnt við um hækkun launaliða sem og önnur atriði sem bæta kjör launþega. Þetta ákvæði á þó ekki við hafi viðkomandi stéttarfélag átt í vinnudeilu og þarf í því tilviki að semja um gildistöku nýs samnings.

Með ákvæði sem þessu væri óbeint hvatt til friðsamlegra lausna í kjaradeilum. Sem dæmi um aðra leið til þess að tryggja sjálfkrafa afturvirkni mætti nefna eftirfarandi orðalag:

Sé ekki á annan veg samið gilda upphafshækkanir launaliða og önnur atriði sem bæta kjör launþega þegar kjarasamningur kemst á frá sama degi og kjarasamningur fyrsta stéttarfélags í sömu heildarsamtökum við sama viðsemjanda.

Efnisregla á borð við þessa hefði þá kosti umfram tillögu flutningsmanns að í fyrsta lagi væri einungis stéttarfélögum innan heildarsamtaka tryggð sjálfkrafa afturvirkni kjarabóta og í öðru lagi væri tryggt að stéttarfélög hefðu þá ekki sjálfkrafa hvata til þess að draga endurnýjun kjarasamninga eins og viðsemjendur þeirra hafa að óbreyttum lögum.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar BHM,



Halldóra Friðjónsdóttir,  
formaður BHM.



**FFSÍ**

**FARMANNA- OG  
FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS**

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

*Alþingi*

*Erindi nr. P 131/577*

*komudagur 9.12.2004*

**Nefndasvið Alþingis  
Félagsmálanefnd  
Austurstræti 8-10,  
150 REYKJAVÍK.**

**Reykjavík 7. desember. 2004**

**Efni. Umsögn um frumvarp til laga um stéttarfélag og vinnudeilur, 5. mál, lausir kjarasamningar.**

Farmanna og fiskimannasambandið lýsir eindregnum stuðningi við frumvarpið og þau markmið sem stefnt er að með því. FFSÍ vill jafnframt vekja athygli á að þær fjórar vikur sem líða mega frá undirritun og þar til gert er ráð fyrir niðurstöður úr atkvæðagreiðslu liggi fyrir, eru of skammur tími þegar í hlut eiga samtök sjómanna. Veiðferðir geta samhv. kjarasamningum staðið í allt að 40 sólahringa. Að þessu atriði leiðréttu þá er um mikið framfaramál að ræða sem leiða ætti til skemmri kjaradeilna en verið hafa við líði undanfarin ár.

F.h. FFSÍ

Árni Bjarnason

Alþingi  
Erindi nr. Þ 131/778  
komudagur 7.2.2005



Alþingi Íslendinga  
Selma Hafliðadóttir, nefndarritari  
Nefndarsvið  
Austurstræti 10  
150 Reykjavík

## FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu  
150 Reykjavík  
Sími 545 8100, Bréfsími 552 4804  
Netfang: postur@fel.stjr.is  
Veffang: felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík, 31. janúar 2005



Tilvísun: FEL04110039/0005/HSG/HH

Félagsmálaráðuneytið vísar til bréfs yðar, dags. 17. nóvember s.l., þar sem óksað er eftir álitum ráðuneytisins vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, með síðari breytingum.

Ráðuneytið hefur áður fengið samhljóða frumvarp til umsagnar sem lagt var fram á 128. löggjafarþingi 2002-2003. Það er álit ráðuneytisins að ekkert hafi breyst frá árinu 2002 að þessu leyti og vísar því til fyrri umsagnar, sbr. bréf ráðuneytisins, dags. 20. nóvember 2002.

Beðist er velvirðingar á hversu dregist hefur að svara erindi yðar.

F. h. r.

  
Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir /   
Halla Haraldsdóttir



Alþingi Íslendinga  
Hildur Njarðvík, nefndaritari  
Nefndarsvið  
Austurstræti 10  
150 Reykjavík

## FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu  
150 Reykjavík  
Sími 545 8100, Bréfsími 552 4804  
netfang: postur@fel.stjr.is  
Veffang: felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík, 20. nóvember 2002

Tilvísun: FEL02110030/0005/HSG/--

Félagsmálaráðuneytið vísar til bréfs yðar, dags. 7. nóvember sl., þar sem óskað er eftir álitum ráðuneytisins vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, með síðari breytingum.

Það er almennur skilningur á íslenskum vinnumarkaði að launamenn taki laun samkvæmt eldri kjarasamningi þangað til nýr samningur tekur gildi. Þannig er tryggt að ekkert tómarúm verði við gerð nýrra kjarasamninga. Þegar samningur milli aðila er í höfn er kveðið á um gildistöku ákvæða hans. Væri því ef til vill eðlilegra að aðilar semdu um að umræddar launahækkanir og aðrar breytingar á kjarasamningi tækju gildi frá þeim degi er sanngjarnt þætti í hverju tilviki er samningar hafa dregist á langinn í stað þess að kveðið yrði á um slíkt með lögum. Virðist því sem umrædd breytingatillaga takmarki samningsfrelsi aðila.

Ráðuneytið vill undirstrika að gerð kjarasamninga er alfarið á verksviði samtaka aðila vinnumarkaðarins og hefur verið lögð áhersla á að aðilarnir semji um kaup og kjör í viðræðum sín á milli. Þar sem um er að ræða málefni er snertir efni kjarasamninga er mikilvægt að haft sé náið samráð við heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins um þetta málefni. Ráðuneytið telur afgreiðslu frumvarpsins ekki tímabæra.

F. h. r.

 /   
Gylfi Kristinsson / Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir

Alþingi  
Erindi nr. P 131/665  
komudagur 8.12.2004

Nefndasvið Alþingis,  
Félagsmálanefnd,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík.

Reykjavík 8. desember 2004

Efni: Umsögn um breytingu á lögum nr. 80/1938, 5. mál.

Frumvarpið kveður á um að brúa bilið sem oft myndast þegar dregst að koma á nýjum kjarasamningi þegar sá gamli fellur úr gildi þ.e. að umsamdar kjarabætur hafi afturvirkni samkvæmt ákveðnum reglum þar um. Í greinargerð með frumvarpinu er tekið dæmi af kjarasamningum sjómanna en á tímabilinu, frá 15. janúar 1985 til 31. desember 2003, voru sjómenn án kjarasamninga í 2403 daga eða í um 6,6 ár sem nemur um 37% af nefndu tímabilinu. Í ljósi þessa er hér um verulega réttarbót að ræða sem Vélstjórafélag Íslands styður

Virðingarfyllst  
f.h. Vélstjórafélags Íslands

---

Helgi Laxdal, formaður